



Morgunblaðið/Ómar

**Móðir** Clare Dickens lýsti baráttu sonar síns við geðhvarfasýki á fjölmennum fundi á vegum Geðhjálpar.

## „Fjölskyldan er ekki nóg“

Mæðginin Clare og Titus Dickens hófu í sameiningu að skrifa bókina „Pegar ljósið slokknar“. Hún fjallar um baráttu þeirra beggja við geðhvarfasýki Titusar.

Eftir Gunnhildi Finnsdóttur  
gunnhildur@mbl.is

**F**aðir Titusar starfaði í bandarísku utanríkisþjónustunni og það leiddi fjölskylduna víða, meðal annars til Íslands þar sem hún bjó í nokkur ár þegar Titus var krakki.

Hann var orðinn sextán ára þegar geðhvarfasýkin uppgötvaðist og 25 ára þegar sjúkdómurinn dró hann til dauða í fyrria. Móðir hans lauk við bókina ein. Hún segir nauðsynlegt að geðsjúkdómar hjá börnum og unglingum séu greindir snemma og að fjölskyldur þessara barna geti ekki staðið einar í baráttunni fyrir lífi þeirra og heilsu.

### Óþægilegt málefni

Í vikunni stóð Geðhjálpar fyrir fundi um geðheilbrigðismál í tilefni af útgáfu bókanna. „Fyrir nokkrum árum hefði ekki verið mögulegt að halda svona samkomu og leyfa ljósmyndara frá Morgunblaðinu að taka myndir,“ sagði Ólafur Steph-

„VON mín með þessum skrifum er sú að ég geti lýst því hvernig það er að vera manneskja sem á þá ósk heitasta að vera góð og að aðrir álíti mann góðan en vera einfaldlega ekki fær um það.“

En það eru fleiri ástæður fyrir því að ég skrifa. Ég vil trúá því að við getum gert ýmislegt til að sigrast á mótlæti. Það að þessi bók geti orðið einhverjum að gagni yfir undir þá sannfæringu mína. Og ég skrifa fyrir móður mína. Vegna þess að bókina er ekki síst, og kannski fyrst og fremst, um það hvernig mér hefur tekist að gera móður mína fráhverfa mér.“

Titus Dickens: *Pegar ljósið slokknar*, bls. 50.

ensen, þýðandi bókanna, fyrir fullum sal. „Fólk kom sér hjá því að ræða óþægileg málefni og geðheilsa, hvernig sem á það er lítið, er óþægilegt málefni og stundum meira til.“

Clare Dickens hóf mál sitt á því að brýna fyrir viðstöddum hversu nauðsynlegt það væri að greina geðsjúkdóma snemma hjá börnum og unglingum. „Titus var orðinn sextán ára þegar hann greindist með geðhvörf, það er erfitt að skilja svona veikindi frá eðlilegum geðsveiflum unglings. Hann hafði verið að taka Ritalin eftirlitslaust sem varð fljótlega að fíkn og svo fór hann að drekka. Hann var að reyna allt sem hann gat til að kyrra hugann án þess að vita hvert raunverulega vandamálið var. Þegar það kom loksins í ljós var hann orðinn

háður lyfjum og áfengi.“

Hún sagði að eitt af því sem vakti fyrir Titusi með því að skrifa þessa bók hafi verið að koma unglingum sem kljást við geðhvörf í skilning um það hversu mikilvægt það væri að þau drykkju ekki áfengi og notuðu ekki fíkniefni. „Því fyrr sem þau greinast og átta sig á hættunni því betra. Því miður fengum við þessa vitneskju of seint.“

Til að byrja með fylgdi Titus fyrirmælum lækna sinna vandlega en síðan tók við margra ára baráttu við geðhvörfin og fíknina. „Það var hómorinn sem hélt honum gangandi. Hann reyndi hvað hann gat til að halda lífi sínu í réttum skorðum, en alltaf þegar eitthvað kom upp á missti hann tölkin á drykkjunni eða hætti að taka lyfin sín.“

### Heilbrigðiskerfið brást

Hún sagði heilbrigðiskerfið bandaríska hafa brugðist Titusi. Þegar hann var orðinn 21 árs gátu foreldrar hans lítið aðhafst þótt hann gengi fátækur út af sjúkrahúsum.

Á stundum leit þó út fyrir að Titus næði bata og hann hélt lengi í þá von. Eftir eina meðferðina lá vel á honum. „Hann hringdi í mig og sagði mér að honum líði svo vel, í fyrsta skipti síðan hann var unglingur hefði hann legið í rúminu í fimm mínútur og ekki hugsað um neitt sérstakt.“

Þegar hér var komið sögu mátti fyrst heyra bresti í röddinni. „Við höldum að ef við elskuðum hann bara nógu mikið þá yrði allt í lagi. Að ef ég lærði nógu vel á kerfið myndi það duga til. En ég hef lært að fjölskyldan er ekki nóg, það þarf meiri stuðning. Hann var ekki til staðar.“